

Dómsmálaráðherra
Jón Gunnarsson
Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík
dmr@dmr.is



Reykjavík 12. maí 2022

Efni: Ökuréttindi erlendra ökumanna með allt að 9 farþega í atvinnuakstri

Samtök ferðaþjónustunnar hafa um nokkurra ára skeið bent umverðareftirliti lögreglu á ökumenn sem grunur leikur á að séu réttindalausir og stunda atvinnuakstur með ferðamenn á ökutækjum fyrir allt að 9 farþega. Samkvæmt íslenskum lögum þurfa ökumenn sem stunda atvinnuakstur að hafa til þess aukin ökuréttindi eftir því sem við á og eru minni ökutæki fyrir allt að 9 farþega ekki undanskilin þeirri kröfu sbr. leigubílar, eðlvaðnar og ökutæki með ferðaþjónustuleyfi.

Síðastliðið sumar hafði lögreglan á Suðurlandi afskipti af erlendum ökumönnum sem voru að stunda atvinnuakstur með ferðamenn á allt að 9 manna ökutækjum en höfðu ekki til þess augljós réttindi. Ökumennirnir réttu lögreglu hins vegar meðfylgjandi lögfræðiálit sem gaf í skyn að þeim væri heimilt að aka hér á landi þar sem lög í þeirra heimalandi veittu slíka heimild. Samkvæmt upplýsingum frá fulltrúum lögreglunnar á Suðurlandi var ekki aðhafst ferkar í máli ökumannanna en fyrrgreint lögfræðiálit var sent á alþjóðadeild ríkislögreglustjóra til greiningar og óskað eftir álit hvaða réttindi ættu að gilda. SAF er ekki kunnugt um að svar hafi borist frá alþjóðadeild ríkislögreglustjóra þrátt fyrir að meira en hálf ár er liðið frá því fyrirspurnin var send.

SAF óska eftir aðstoð dómsmálaráðherra við að fá skýringu á því hvort erlendir ökumenn geti stundað atvinnuakstur á ökutækjum fyrir allt að 9 farþega án þess að sýna fram á sambærileg réttindi og gilda hér á landi. Þarna er um mikilvægt umferðaröryggismál að ræða fyrir utan mögulega mismunun á kröfum til atvinnuréttinda.

Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri